



31. maí 2022  
Tilv.: 2205152

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
nefnasvid@althingi.is

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og rafræn birting), 568. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. maí sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og rafræn birting).

Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri athugasemdum sínum við drög að frumvarpinu sem birt voru í Samráðsgátt stjórnvalda hinn 9. mars sl. Í fyrirbyggjandi frumvarpi virðist ekki að öllu leyti hafa verið brugðist við þeim athugasemdum sem Seðlabankinn kom á framfæri með þeirri umsögn í Samráðsgátt, dags. 31. mars sl. (sjá fylgiskjal).

Seðlabankinn telur mikilvægt að tekið verði tillit til þeirra athugasemda og eru þær því hér með áréttáðar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

## 2. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn leggur til að a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

- a. 3. töluliður 1. mgr. 36. gr. b orðast svo: Eignir og skuldir skv. 6. tölul. skulu samanlagt vera innan við 10% heildareigna.

Seðlabankinn telur rétt að í ákvæðinu verði vísað til eigna og skulda í stað neikvæðrar stöðu afleiðusamninga. Er það til samræmis við hugtakanotkun laganna. Þá er vakin athygli á því að ekki er um efnislega breytingu að ræða miðað við framkvæmd fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands við túlkun ákvæðisins.

Varðandi b. lið 2. gr. frumvarpsins leggst Seðlabankinn ekki gegn því að fella á brott kröfu um að unnt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni, sbr. b. lið 2. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur hins

vegar nauðsynlegt að ákvæði sé að finna í lögnum sem bregst við þeirri gagnrýni á gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóða sem kemur m.a. fram í skýrslu um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni leggur Seðlabankinn til að gerð verði krafa um að skilmálar afleiðna skuli vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður (ISDA).

Með vísan til framangreinds leggur Seðlabankinn til að 2. másl. 5. mgr. 36. gr. b. orðist svo: „*Séu afleiður skv. 6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. ekki skráðar á skipulegum markaði skal mótaðili lífeyrissjóðs lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt og skilmálar sammingsins vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður.*“

Þá leggur Seðlabankinn jafnframt til að lagt verði fyrir ráðherra að reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar verði breytt í þá vegu að hyggist lífeyrissjóður eða vörsluaðili séreignarsparnaðar beita afleiðum til að draga úr áhættu lífeyrissjóðsins þá skuli notkun þeirra byggja á skýrt skilgreindri stefnu sem tryggir að notkun afleiðna sé til þess fallin að draga úr áhættu og feli ekki í sér stöðutöku, t.d. í gjaldmiðlum.

### 3. gr. frumvarpsins

Með hliðsjón af þeim breytingum sem Seðlabankinn leggur til á a. lið 2. gr. frumvarpsins telur Seðlabankinn að 3. gr. frumvarpsins sé óþörf og að hún ætti að falla á brott.

### 4. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn ítrekar það sem bent var á í áður nefndri umsögn vegna b. liðar 4. gr. frumvarpsins að það væri til bóta að skýrar kæmi fram í lagatexta eða greinargerð hvort núvirða ætti væntar lífeyrisgreiðslur eða ekki.

### 5. gr. frumvarpsins

Í fyrirliggjandi frumvarpi er, eins og í þeim drögum sem birt voru í samráðsgáttinni, lögð til ótímabundin undanþága frá því að gera ráðstafanir til úrbóta ef gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóðs fer fram úr leyfilegum mörkum sökum breytinga á gengi íslensku krónunnar eða verðhækkana á erlendum mörkuðum. Í samræmi við fyrri athugasemdir Seðlabankans er lagt til að undanþágan gildi til bráðabirgða og takmarkist við það hámark sem kveðið er á um í a. lið 4. gr.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson  
seðlabankastjóri

*Fylgiskjal: Umsögn Seðlabanka Íslands til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 31. mars 2022.*

21. mars 2022  
Tilv.: 2203023

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Lindargötu Arnarhvoli  
101 Reykjavík

*Efni:* Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóða, rafræn birting yfirlita).

Hinn 9. mars sl. voru birt drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóða, rafræn birting yfirlita) í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Seðlabankinn telur tilefni til að koma eftirfarandi athugasemdum og tillögum varðandi frumvarpið:

2. gr.

Seðlabankinn leggur til að a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Eignir og skuldir skv. 6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. skulu samanlagt vera innan við 10% heildareigna.“

Seðlabankinn telur a. lið 2. gr. frumvarpsins til bóta en leggur fremur til að í ákvæðinu verði vísað til eigna og skulda í stað neikvæðrar stöðu afleiðusamninga. Er það til samræmis við hugtakanotkun laganna. Þá er vakin athygli á því að ekki er um efnislega breytingu að ræða miðað við framkvæmd fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands við túlkun ákvæðisins.

Seðlabankinn leggst ekki gegn því að fella á brott kröfu um að unnt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni, sbr. b. lið 2. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur hins vegar nauðsynlegt að ákvæði sé að finna í lögnum sem bregst við þeirri gagnrýni á gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóða sem kemur m.a. fram í skýrslu um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 og

rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni leggur Seðlabankinn til að gerð verði krafa um að skilmálar afleiðna skuli vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður.

Með vísan til framangreinds leggur Seðlabankinn til að 2. másl. 5. mgr. 36. gr. orðist svo: „*Séu afleiður skv. 6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. ekki skráðar á skipulegum markaði skal mótaðili lífeyrissjóðs lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt og skilmálar sammingsins vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður.*“

Þá leggur Seðlabankinn jafnframt til að lagt verði fyrir ráðherra að reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar verði breytt í þá vegu að hyggist lífeyrissjóður eða vörsluaðili séreignarsparnaðar sér að beita afleiðum til að draga úr áhættu lífeyrissjóðsins þá skuli notkun þeirra byggja á skýrt skilgreindri stefnu sem tryggir að notkun afleiðna sé til þess fallin að draga úr áhættu og feli ekki í sér stöðutöku, t.d. í gjaldmiðlum.

#### 3. gr.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem Seðlabankinn leggur til á a. lið 2. gr. frumvarpsins telur Seðlabankinn að 3. gr. laganna sé óþörf og að hún ætti að falla á brott.

#### 4. gr.

Seðlabankinn gerir hvorki athugasemd við a. né c. lið 4. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn teldi þó til bóta ef skýrar kæmi fram í lagatexta eða greinargerð hvort núvirða ætti væntar lífeyrisgreiðslur skv. c. lið 4. gr. eða ekki.

Þá leggur Seðlabankinn til að b. liður 4. gr. frumvarpsins verði felldur á brott og að þess í stað verði bætt við 5. gr. frumvarpsins málslið sem kvæði á um að allt þar til a. liður 4. gr. frumvarpsins verði að fullu kominn til framkvæmda verði lífeyrissjóðum ekki gert skylt að bregðast við því hámarki sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn leggur því til að við 5. gr. frumvarpsins bætist við nýr másl. svohljóðandi: „*Þrátt fyrir 37. gr. skal lífeyrissjóði ekki gert skylt að gera ráðstafanir til úrbóta, fari gjaldmiðlaáhætta hans fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt ákvæði þessu af ástæðum sem lífeyrissjóður getur ekki stjórnað.*“

Með hliðsjón af því að frumvarpið leggur til að hámarks gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóða verði 65% til frambúðar telur Seðlabankinn óþarft að krefja lífeyrissjóði um sölu erlendra eigna á hækkunartímabilinu, ef hækkun erlendra eigna lífeyrissjóða er vegna aðstæðna sem lífeyrissjóðirnir ráða ekki sjálfir við, s.s. vegna breytinga á gengi gjaldmiðla eða verðbréfa.

Seðlabankinn er fús til frekari viðræðna sé þess óskað í tengslum við framangreint.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson  
seðlabankastjóri

